

PFAFF®

hobbylock™ 2.0



LEIÐARVÍSIR

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28 og UL1594.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni («0») þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).




Vinsamlegast athugið að þegar þessu tæki verður fargað á að endurnýta hluta þess í samræmi við landslög um förgun rafmagns eða rafeindatækja sem eru í gildi í því landi sem tækinu verður fargað. Ef þið eruð í vafa, hafið þá samband við seljanda tækjanna í því landi sem þið eruð.


Innihald

Hlutir vélarinnar	4	Umhirða og viðhald	20
Fylgihlutir	5	Hreinsun	20
Vélin tengd við rafmagn og fótmótstaðan við vélina ...	5	Smurning	20
Hækkalegi tvinnastóllinn settur á.....	6	Skipt um neðri hnífinn	21
Hólfið fyrir afklippurnar sett á.....	6	Geymsla.....	21
Opna og loka lokinu framan á vélinni	6	Þjónusta.....	21
Aukavinnuborðið fjarlæggt og sett á.....	6	Gangtruflanir og ráð við þeim	22
Fótlyftan	7	Tafla yfir sauma.....	23
Skipt um nálar	7	Tafla yfir efni / nál / tvinna	27
Skipt um saumfót.....	7	Tæknilegar upplýsingar	27
Efri hreyfanlegi hnífurinn tekinn úr sambandi	8		
2-práða sporbreytirinn settur á	8		
Vélin þrædd.....	9		
Þræðing á efri grípara (rauð).....	10		
Þræðing á neðri grípara (gul).....	11		
Þræðing á hægri nál (græn).....	12		
Þræðing á vinstri nál (blá)	12		
Skipt um tvinna.....	13		
Byrjað að sauma.....	13		
Tvinnastillingar.....	14		
Stilling á mismunaflutning	15		
Stilling á fótpýrtingi	16		
Stilling á saumbreidd.....	16		
Stilling á sporlengd.....	16		
Stilling á saumatungu.....	17		
Rúllufaldur.....	17		
Flatlock saumur.....	18		
Overlock með styrkingarsnúru.....	19		
Staðsetning títuprjóna.....	19		
Gengið frá tvinnalykkjunni	19		

Hlutir vélarinnar




1. Hnappur til að stilla þrýsting á saumfót
2. Tvinnaspenna fyrir vinstri nálastvinna (blá)
3. Tvinnaspenna fyrir hægri nál (græn)
4. Tvinnaspenna fyrir efri grípara (rauð)
5. Tvinnaspenna fyrir neðri grípara (gul)
6. Handfang
7. Tvinnahnífur
8. Fótlyfta
9. Stingplata
10. Framlengingarborð fyrir vinnuborð
11. Lok framan á vél
12. Stillihandfang fyrir mismunaflutning
13. Aðalrofi fyrir ljós og mótör
14. Handhjól
15. Stillir fyrir sporlengd
16. Tvinnastóll
17. Halda fyrir kóna
18. Keflispinni
19. Hækkanlegur efri hluti tvinnastóls



20. Saumfótur
21. Hreyfanlegur efri hnífur
22. Fastur neðri hnífur
23. Neðri grípari
24. Efri grípari
25. Stillir fyrir sportungu
26. Stillir fyrir saumbreidd / skurðarbreidd

Fylgihlutir

1. Nálapakkning með þremur nálum í grófleika 14/90 og tveimur nálum í grófleika 12/80. Tvær nálar í grófleika 14/90, eru í vélinni þegar hún kemur frá verksmiðjunni.
2. Skrúfjárn
3. Pinsetta
4. Skífur fyrir tvinnakefli (4)
5. Bursti
6. Hnífur (neðri fasti hnífurinn)
7. 2-þráða sporbreytir
8. Net fyrir tvinnakefli (4)
9. Bakki fyrir afklippur
10. Yfirbreiðsla



Vélin tengd við rafmagn og fótmótstaðan við vélina

Notið eftirtaldar mótstöður við vélina


- Teg. GTC fyrir 220-240V

- Teg. GTE fyrir 100-120V

Áður en þið tengið vélina við rafmagn ættuð þið að fullvissa ykkur um að vélin ykkar sé fyrir rétta spennu. Plata er neðan á vélinni sem gefur upp spennuna fyrir vélina.

1. Tengid snúruna frá fótmótstöðunni og rafmagninu við tengilinn á vélinni.
2. Tengid rafmagnsleiðsluna við vegg tengil.
3. Ýtið aðalrofanum á “-” til að kveikja á vélinni.
4. Stigið lauslega á fótmótstöðuna til að byrja að sauma. Notið fótmótstöðuna til að stjórna hraða vélarinnar. Þeim mun fastar sem þið stigið á fótmótstöðuna þeim mun hraðar saumar vélina.
5. Ýtið aðalrofanum á “O” til að slökkva á vélinni.

Ath: Þegar lokið framan á vélinni er opið kemur öryggisbúnaður í veg fyrir að hægt sé að setja vélina í gang og sauma á hana, þótt stigið sé á fótmótstöðuna.




Hækkanlegi tvinnastóllinn settur á vélina

Togið tvinnastólinn út frá vélinni eins og örin A sýnir.

Togið efri hluta tvinnastólsins upp á við eins og hann kemst og snúið honum síðan þar til hann smellur á sinn stað.


Setjið tvinnakeflin eða kónana síðan á keflispinnana eða kónahöldurnar.

Ef vélin er þegar þrædd, togið þá aðeins í tvinnana þannig að þeir flækist ekki saman.



Hólfíð fyrir afklippurnar sett á

Staðsetjið vélina þannig að fremri brún hennar sé svo til við jaðar borðsins sem hún er á. Setjið U-löguðu krókana á afklippubakkanum utan um gúmmífætuna tvo sem eru undir vélinni. Fullvissið ykkur um að afklippurnar detti ofan í bakkann.



Opna og loka lokinu framan á vélinni


Opnið lokið framan á vélinni.

Þrýstið lokinu fyrst aðeins til hægri eins langt og það kemst og togið það síðan fram og niður á við.

Lokið hólfinu

Togið það fyrst upp á við og til hægri, en látið það síðan renna til vinstri þar til það festist á sinn stað.

Ath: Lokið er með öryggisbúnaði þannig að ekki er hægt að sauma á vélina ef það er opið.



Aukavinnuborðið fjarlægt og sett á

Til að sauma og notfæra sér fríarminn.


Þegar þið viljið nota fríarminn rennið þið flata borðinu af vélinni. Með því að nota fríarminn er þægilegra að sauma litla hluti og svæði sem erfitt er að komast að eins og ermar og buxaskálmur.

Til að fjarlægja flata borðið

Ýtið á lokuna (A) og rennið flata borðinu til vinstri og fjarlægið það af vélinni.


Til að setja borðið aftur á vélina

Látið nibbuna á framlengingarborðinu standast á við raufina aftan á fríarminum og rennið borðinu að vélinu þar til það smellur á sinn stað.



Fótlyfta

Lyftið saumfætinum með fótlyftinum (A) sem er aftan á vélinni.




Skipt um nálár



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

1. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálarnar eru í efstu stöðu.
2. Losið en fjarlægið ekki vinstri (B) og/ eða hægri (A) skrufurnar sem halda nálunum, og haldið aðeins við nálarnar um leið þannig að þær detti ekki niður.
3. Fjarlægið vinstri og/ eða hægri nálina.
4. Setjið nýja nál í hölduna og þannig að flati kanturinn á henni snúi aftur eða frá ykkur.
2. Setjið nálina eins hátt og hún kemst í annað hvort vinstri eða hægri hölduna.
3. Herðið síðan vel á viðkomandi nálar skrufu.




Skipt um saumfót



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

1. Lyftið saumfætinum.
2. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálarnar eru í efstu stöðu.
3. Ýtið á hvíta hnappinn aftan á fóthöldunni (A), og við það dettur saumfóturinn af höldunni.
4. Staðsetjið nú nýja saumfótinn þannig undir fóthölduna að pinninn á fætinum sé beint fyrir neðan grópina á fóthöldunni og lækkið saumfótinn rólega. Ýtið á hvíta hnappinn aftan á fóthöldunni (A) og fóturinn smellur á sinn stað.






Efri hreyfanlegi hnífurinn tekinn úr sambandi

Setjið hreyfanlega efri hnífinn í hvíldarstöðu

1. Snúið handhjólinu fram á við þar til efri hnífurinn er kominn í efstu stöðu.
2. Opnið lokið framan á vélinni.
3. Ýtið á hnífhölduna til hægri eins langt og hún kemst.
4. Snúið hnappnum frá ykkur þar til hnífurinn smellur í lárétta hvíldarstöðu (A).

Ath: Ef hnífurinn stoppar í efri stöðu;

- Snúið handhjólinu fram á við þar til hnífurinn er kominn í efstu stöðu. Haldið áfram að snúa hnífnum þar til hann fer í lárétta stöðu.



Hreyfanlegi efri hnífurinn settur í samband á ný.

1. Opnið lokið framan á vélinni og þrýstið á efri hnífhölduna til hægri eins langt og hægt er.
2. Snúið hnappnum upp og í áttina að ykkur þar til hnífurinn smellur í vinnustöðuna.

Ath: Hafið efri hnífinn alltaf í vinnustöðu þegar saumað er á vélina því þessar vélar verða að skera allt umframefni frá áður en vélin saumar sauminn á það efnisins.




2ja þráða sporbreytir settur í vélina.

2-þráða overlocksaumur er saumaður með einum nálartvinna og tvinna í neðri grípara. Áður en byrjað er að sauma verður að setja 2ja þráða sporbreytinn á efri gríparann þannig að vélin saumi aðeins með tveimur þráðum.

1. Opnið lokið framan á vélinni.
2. Snúið handhjólinu fram á við þar til efri gríparinn er kominn í neðstu stöðu.
3. Setjið síðan pinnann (A) á sporbreytinum í gatið (B) á efri gríparanum.
4. Setjið staðsetningarrífið (C) þannig að það liggi upp að efri brún gríparans.
5. Setjið síðan pinnann (D) í gegn um augað á gríparanum.

Sporbreytirinn fjarlægður

1. Fjarlægið oddinn (D) úr auganu á gríparanum og fjarlægið sporbreytinn.
2. Setjið sporbreytinn aftur í hólfið með aukahlutunum.



Vélin þrædd

Lituð þræðimynd er innan á lokinu framan á vélinni.


Þegar þið þræðið vélina - þræðið þá alltaf í þeirri röð sem hér er gefin upp:

1. Þræðing á efri grípara - (rauð)
2. Þræðing á neðri grípara - (gul)
3. Þræðing á hægri nál - (græn)
4. Þræðing á vinstri nál - (blá)

Áriðandi:




Ef tvinninn fyrir neðri gríparann slitnar gerið þá eftirfarandi:

1. Afþræðið nálarnar sjálfar.
2. Þræðið neðri gríparann
3. Þræðið nálarnar á ný





Þræðing á efri grípara (rauð)

1. Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um þræðiaugað á tvinnastólnum (1).
2. Togið tvinnann frá vinstri til hægri undir tvinnastýringuna ofan og aftan á vélarhusnum (2).
3. Lyftið handfanginu upp og setjið tvinnann undir það. Haldið í tvinnann með báðum höndum og þræðið hann á milli spenniskífanna í tvinnaspennunni og togið tvinnann niður á við til að fullvissa ykkur um að hann sé á milli skífanna (3).






4. Þræðið gríparasvæðið á vélinni með því að fara eftir rauðu þræðilykkjunum (4-7). Notið pinnsettuna til að auðvelda þræðinguna.
5. Notið pinnsettuna til að koma tvinnanum aftur fyrir neðri gríparann og þræðið tvinnann síðan í gatið á efri gríparanum framan frá (8).
6. Togið ca. 10 cm af tvinnna í gegn um augað á gríparanum og leggið hann aftur undan vélinni.





Þræðing á neðri grípara (gul)

1. Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um þræðiaugað á tvinnastólnum (1).
2. Togið tvinnann frá vinstri til hægri undir tvinnastýringuna ofan og aftan á vélarhusnum (2).
3. Lyftið handfanginu upp og setjið tvinnann undir það. Haldið í tvinnann með báðum höndum og þræðið hann á milli spenn-skífanna í tvinnaspennunni og togið tvinnann niður á við til að fullvissa ykkur um að hann sé á milli skífanna (3).
4. Snúið handhjólinu fram á við þar til neðri gríparinn er eins langt til hægri og hægt er..



5. Þræðið gríparasvæðið á vélinni með því að fara eftir gulu þræðilykkjunum (4-8). Notið pinnsettuna til að auðvelda þræðinguna.
6. Komið tvinnanum aftur fyrir og yfir oddinn á neðri gríparanum (9A). Togið hann síðan varlega til vinstri þar til hann rennur í raufina á neðri gríparanum (9B).
7. Náið í tvinnaendann og þræðið hann í gegn um augað á neðri gríparanum (10). Tvinninn ætti þá að liggja í raufinni á neðri gríparanum.
8. Togið ca. 10 cm af tvinna í gegn um augað á gríparanum og leggið hann aftur undan vélinni.







Þræðing á hægri nál (græn)

1. Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um þræðiaugað á tvinnastólnum (1).
2. Togið tvinnann frá vinstri til hægri undir tvinnastýringuna ofan og aftan á vélarhausnum (2).
3. Lyftið handfanginu upp og setjið tvinnann undir það. Haldið í tvinnann með báðum höndum og þræðið hann á milli spenniskífanna í tvinnaspennunni og togið tvinnann niður á við til að fullvissa ykkur um að hann sé á milli skífanna (3).
4. Haldið áfram að þræða þræðingarnar (4-7).

Ath: Aðgætið að þræða í gegn um efri þræðinguna á tvinnastýringunni (6).

5. Þræðið í gegn um augað á hægri nálinni (8). Notið pinnsettuna til að auðvelda þræðinguna í gegn um nálaraugað.
6. Togið u.þ.b. 10 cm af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann liggja lausan.
7. Lyftið saumfætinum og setjið tvinnana aftur undan saumfætinum.







Þræðing á vinstri nál (blá)

1. Þræðið tvinnann aftan frá í gegn um þræðiaugað á tvinnastólnum (1).
2. Togið tvinnann frá vinstri til hægri undir tvinnastýringuna ofan og aftan á vélarhausnum (2).
3. Lyftið handfanginu upp og setjið tvinnann undir það. Haldið í tvinnann með báðum höndum og þræðið hann á milli spenniskífanna í tvinnaspennunni og togið tvinnann niður á við til að fullvissa ykkur um að hann sé á milli skífanna (3).
4. Haldið áfram að þræða þræðingarnar (4-6).

Ath: Aðgætið að þræða í gegn um neðri þræðinguna á tvinnastýringunni (5).



5. Þræðið í gegn um augað á hægri nálinni (7). Notið pinnsettuna til að auðvelda þræðinguna í gegn um nálaraugað.
6. Togið u.þ.b. 10 cm af tvinna í gegn um nálaraugað og látið hann liggja lausan.
7. Lyftið saumfætinum og setjið tvinnana aftur undan saumfætinum.



Skipt um tvinna




Eftirfarandi aðferð er góð þegar skipta þarf um tvinna:

1. Klippið á tvinna sem verið er að nota og gerið það nálægt tvinnaeflinu á tvinnaþólum.
2. Fjarlægjið eldri tvinna og setið nýja tvinna á tvinnaþólinn.
3. Hnýtið síðan eldri og nýja tvinna saman. Klippið tvinnaendana við hnútinn þannig að þeir verði ca. 2-3 cm á lengd og togið síðan vel í báða endana til að athuga hvort hnúturinn heldur.
4. Lyftið saumfætinum.
5. Setjið á ykkur töluna á viðkomandi tvinnaþennu og stillið hana síðan á "0".
6. Togið síðan tvinna í gegn um vélina þar til hnúturinn er kominn fyrir framan nálarnar. Ef erfitt er að toga í tvinna athugið þá hvort hann hefur flækst um eitthvað á leiðinni eða undir tvinnaþólinn.
7. Klippið á tvinna fyrir aftan hnútinn og þræðið nálina með nýja tvinna.
8. Stillið tvinnaþölinguna á fyrri stillingu.



Byrjað að sauma

1. Þegar fullbúið er að þræða vélina, lokið þið lokinu framan á vélinni og látið alla tvinna liggja á stingplötunni og aftur undan saumfætinum til vinstri.
2. Fullvissið ykkur um að efri hnífurinn liggi þétt upp að neðri hnífnum og færist upp og niður þegar þið snúið handhjólinu. Ef hnífurinn færist ekki eðlilega, athugið þá hvort efnisbútar eða afklippur séu fastar á milli hnífanna.
3. Haldið lauslega í tvinnaendana og togið lauslega í þá.
4. Snúið handhjólinu að ykkur í 2-3 hringi til að byrja að mynda tvinnaþönguna. Aðgætið hvort tvinnaþöngurinn myndar spor í kring um saumatunguna á stingplötunni. Ef það gerist ekki þá farið yfir allar þræðingarnar og fullvissið ykkur um að vélin sé rétt þrædd.
5. Haldið áfram í tvinnaþönguna um leið og þið stígið varlega á fótmótstöðuna. Saumið þar til tvinnaþöngurinn er orðin 5-8 cm. á lengd.
6. Setjið efni undir fremri hluta saumfótarins og saumið þessum. Stýrið efnið aðeins léttilega með vinstri hendinni á meðan þið saumið. Togið ekki í efnið því við það gæti nálin rekist í stingplötuna, bognað eða brotnað.
7. Þegar þið eruð komin að lok saums á efnið haldið þið áfram að sauma og togið lauslega í efnið aftur undan fætinum og til vinstri. Þetta er kallað keðjun og gerir vélina tilbúna fyrir næsta saum.
8. Klippið tvinnaþönguna ca. 2-3 cm frá efnisjaðrinum og þið getið notað tvinnaþönguna á vélinni til að gera það. Togið tvinna í kring um tvinnaþönguna frá hægri og síðan að ykkur.




Tvinnastillingar

Þið stillið tvinnaspennurnar eftir því hvaða efni og hvaða tvinna þið notið. Eftir því sem tölurnar hækka á tvinnaspennunum - þeim mun stífari verður spennan.


Neðri og efri gríparaþræðirnir eiga yfirleitt að vera með sömu eða allavega svipaða stillingu (báðir gríparaþræðirnir eiga að hnýttast á jaðrinum). Nálarþræðirnir eiga hvorki að vera of lausir eða of stífir heldur með jafna spennu.

Sjá töflu yfir sauma á bls. 23-26 um ráðlagðar spennur fyrir hina ýmsu sauma.




Þegar efri gríparaþræðinn er of laus

Efri gríparaþræðurinn er ekki rétt stilltur ef hann togast of mikið niður á rönguna á efninu. Herðið aðeins á spennunni fyrir efri gríparaþræðinn (rauða) eða losið aðeins á spennunni fyrir neðri gríparaþræðinn (gula).




Þegar neðri gríparaþræðurinn er of laus

Neðri gríparaþræðurinn er ekki rétt stilltur ef hann togast upp á réttuna á efninu. Herðið á tvinnaspennunni fyrir neðri gríparaþræðinn (gul) eða losið tvinnaspennuna fyrir efri gríparaþræðinn (rauð).




Þegar vinstri nálarþræðurinn er of laus

Þegar vinstri nálarþræðurinn er of laus, herðið þið tvinnaspennuna fyrir vinstri nálina (blá) eða losið um tvinnaspennurnar fyrir báða gríparaþræðina (rauð og gul).



Þegar hægri nálarþræðurinn er of laus

Þegar hægri nálarþræðurinn er of laus, herðið þið tvinnaspennuna fyrir hana (græn).




Stilling á mismunaflutningi

Mismunaflutningur byggist á því að það eru tveir flytjarar í vélinni, fremri og aftari. Báðir þessir flytjarar vinna óháðir hinum og á þann hátt er hægt að ná fullkomlega sléttum saum á öll efni. Þegar flutningsshreyfingu fremri flytjarans er breytt í samræmi við þann aftari er annaðhvort hægt að láta vélina "þjappa efninu saman" eða "teygja á því" áður en vélin saumar þau.

Notið mismunaflutninginn til að koma í veg fyrir að vélín teygji á prjónuðum efnum eða rykki þunn efni.

Fyrir overlocksauma á venjuleg efni er best að stilla mismuna-flytjarann á 1.0.






Efnum þjappað saman (teygjanleg efni og prjón)

Þegar þið overlockið teygjanleg efni eins og prjón og jersey, stillið þið mismunaflutjarann á tölur á milli 1.0 og 2.0. Stillingin fer eftir efninu sem þið eruð að sauma. Saumið alltaf þrúfusaum áður en þið byrjið á flíkinni sjálfri. Þrýstingurinn á saumfætinum verður til þess að teygja á teygjan-legum efnum og því þarf að láta mismunaflutjarann þjappa efn-unum aðeins saman áður en vélín saumar þau saman.

Teygt á efnum (þunn efni)

Þegar þið overlockið þunn ofn og lausprjónuð þunn prjónaefni eins og silki eða silkiprjón stillið þið mismunaflutjarann á milli 0,7 og 1,0. Þegar þið saumið, haldið þið lauslega við efnin bæði fyrir framan og aftan saumfótinn. Stillingin fer eftir efninu sem verið er að sauma. Saumið alltaf þrúfusaum áður en þið byrjið á flíkinni sjálfri. Svona þunn efni vilja aðeins rykkjast þegar þau eru saumuð, þannig að nú er mismunaflutjarinn látinn teygja á efnunum áður en þau eru saumuð saman.

Efni	Mismunaflutningur 1.0	Stillingar	Árangur
Teygjanleg efni (Prjón, jersey)		1.0 - 2.0	
Óteygjanleg efni (Buxnaefni, gallabuxnaefni)		1.0	
Þunn efni (Silki, silkiprjón)		0.7 - 1.0	


Stilling á fótprýstingi

Þrýstingurinn á saumfótinn er fyrirfram stilltur frá verksmiðju fyrir sauma á venjuleg efni. Í einstaka tilfellum getur verið nauðsynlegt að breyta þessari stillingu með því að minnka eða auka þrýstinginn á saumfótinn. Prófið ávallt á efnisafgang áður en þið farið að sauma flik.

Minni þrýstingur: Minnkið þrýstinginn með því að snúa hnappnum rangsælis.

Aukinn þrýstingur: Aukið þrýstinginn með því að snúa hnappnum réttsælis.

Aftur á venjulega stillingu: Snúið hnappnum þar til merkið á hnappnum er á móts við örina.




Stilling á saumbreidd

Hægt er að auka eða minnka saumbreiddina með því að nota aðeins aðra nálina eða með stillihnappnum fyrir spor og skurðarbreidd.


Breyting á sporbreidd með því að beyta um nálarstöðu

- A) Þegar báðar nálar eða aðeins vinstri nálin er notuð er sporbreiddin 5.7 mm.
- B) Þegar aðeins hægri nálin er notuð er sporbreiddin 3.5 mm.

A) Vinstri nálin 5.7 mm



B) Hægri nálin 3.5 mm




Breyting á sporbreidd með stillinum fyrir skurðar og sporbreidd

Með því að fínstilla skurðarbreiddina, með því að nota stillihnappinn til að færa hnífana nær eða fjær nálunum er hægt að stilla sem hér segir:


- A) Þegar aðeins vinstri nálin er notuð: 5.2 - 6.7 mm
- B) Þegar aðeins hægri nálin er notuð: 3.0 - 4.5 mm

Snúið hnappnum til að stilla á þá breidd sem þið viljið nota og notið strikin á stingplötunni sem viðmiðun.




Stilling á sporlengd

Algengasta stillingin á sporlengd er á móts við 3 og hentar fyrir flest efni. Stillið á 4 mm þegar þið saumið gróf efni og stillið á 2 mm þegar þið saumið mjög þunn efni.




Stilling á saumatungu

Saumatungan ætti að vera stillt á "S" fyrir alla venjulega (standard) sauma. Þegar þið saumið rúllufalda er nauðsynlegt að breyta stillingunni og stilla tunguna á "R". Þegar þið hreyfið saumatunguna er nauðsynlegt að færa stillinn eins langt og hann kemst í aðra hvora áttina.



Rúllufaldur

Rúllufaldur hentar mjög vel á þunn efni eins og þunnt léreft, þunnt kjólaefni, organdy, krep o.s.frv. Áferðinni er náð með því að stilla tvinnaspennuna þannig að jaðarinn rúllast undir efnisjaðarinn um leið og hann er overlockaður. Breytið tvinnaspennunni til að ná fram mismunandi áferð. Til að sauma rúllufald verður að stilla saumatunguna á stingplötunni á stillingu "R". Minnsta breidd á rúllufaldi sem hægt er að ná fram er u.þ.b. 1.5 mm því ekki er hægt að stilla skurðarbreiddina á minna en 3.5 mm.




Önnur útgáfa af rúllufaldi er mjói jaðarsaumurinn. Hægt er að ná fram þeirri áferð með því að stilla tvinnaspennurnar í samræmi við töfluna yfir saumana á bls. 23-26.


Ráð: Fyrir fallegan rúllufald er gott að þræða efri gríparann með skrautlegum tvinna en nálina og neðri gríparann með venjulegum en fínnum tvinna.

2-þræða rúllufaldur / mjór jaðar

1. Setjið 2ja þræða sporbreytinn á (sjá bls. 8).
2. Notið hægri nálina og neðri gríparann.
3. Færið saumatunguna yfir á stillingu "R".
4. Stillið sporlengdarstillinn á "1-2" fyrir fínan saum.
5. Stillið tvinnaspennuna í samræmi við töfluna yfir sauma á bls. 23-26.
6. Saumið tvinnalykkju og saumið síðan þrífusaum á afgangsefni áður en þið saumið á efnið sjálft. Haldið aðeins í tvinnalykkjuna þegar þið byrjið að sauma til að koma í veg fyrir að hún flækist inn í faldinn.




2-þræða rúllufaldur




2-þræða mjór jaðar

3-þræða rúllufaldur / mjór jaðar

1. Notið hægri nálina og efri og neðri gríparaþræðina.
2. Færið saumatunguna á "R".
3. Stillið sporlengdarstillinn á "1-2" fyrir fínan saum.
4. Stillið tvinnaspennuna í samræmi við töfluna yfir sauma á bls. 23-26.
5. Saumið tvinnalykkju og saumið síðan þrífusaum á afgangsefni áður en þið saumið á efnið sjálft. Haldið aðeins í tvinnalykkjuna þegar þið byrjið að sauma til að koma í veg fyrir að hún flækist inn í faldinn.



3-þræða rúllufaldur




3-þræða mjór jaðar

Flatlock saumur


Flatlock saumur er framkvæmdur með því sð stilla tvinnaspennurnar á 2ja og 3ja þráða overlock saumnum, sauma sauminn og toga efnin síðan í sundur til að fletja sauminn. Tvinnaspennurnar verða að vera rétt stilltar svo hægt sé að toga efnin og gera þau slétt.

Flatlock sauma er hægt að nota bæði sem skrautsauma, til að sauma tvö efni saman (venjulegur flatlock saumur) eða til skrauts eingöngu á einfalt efni (skraut flatlock saumur).

Hægt er að sauma flatlock sauma á tvo vegu. Annaðhvort með röngu efnanna hvora á móti annarri til að búa til fallegt útlit, eða með réttu efnanna saman til að búa til stigasaum.



2-þráða flatlock saumur



3-þráða flatlock saumur

Venjulegur flatlock saumur

1. Notið vinstri nálina.
2. Fyrir 2-þráða flatlock; Setjið tveggja þráða saumbreytinn á vélina (sjá bls. 8). Þæðið síðan neðri gríparann og vinstri nálina.
Fyrir 3-þráða flatlock; Þæðið efri og neðri gríparana og vinstri nálina.
3. Stillið tvinnaspennurnar í samræmi við töfluna yfir sauma á bls. 23-26.
4. Leggið efnin saman ranga á móti röngu til að sauma skraut flatlock sem kemur fram á réttu efnisins.
5. Saumið sauminn, og vélin sker utan af jaðrinum. Nálarþráðurinn myndar V á röngunni. Þráðurinn úr neðri gríparanum togast til og myndar beina línu við jaðar saumsins.
6. Sléttið úr efnunum og togið þau í sundur til að gera sauminn flatan.



Skraut flatlock saumur

1. Setjið efri hnífinn í hvíldarstöðu. Jaðar efnisins verður ekki skorinn í þessum saum.
2. Farið eftir þrepum 1-3 hér að ofan.
3. Brjótið efnið saman þannig að ranga snúi á móti röngu til að sauma skrautsaum sem kemur fram á réttu efnisins.
4. Staðsetjið efnið þannig að saumurinn saumist þannig að hluti af saumnum sé fyrir utan efnisbrúnina.
5. Sléttið úr efninu og togið það í sundur til að fletja það út.


Ráð: Efri gríparaþráðurinn er aðal uppistaðan í flatlock saumnum. Setjið þess vegna skrautlegan tvinna í efri gríparann en venjulega tvinna í neðri gríparann og nálina.

Stigasaumur

Til að búa til stigasaum saumið þið efnið þannig að rétta snúi á móti réttu. Nálartvinninn er uppistaðan í þessum saum og sá sem myndar stigann.



2-þráða stigasaumur




3-þráða stigasaumur

Overlock með styrkingarsnúru

Það getur verið gott að sauma snúru inn í overlocksauminn þegar verið er að sauma saman þrjónuð efni. Snúran kemur í veg fyrir að það teygist á saumnum og gerir sauminn stöðugri.

Þræðið snúruna í gegn um gatið framan á fætinum.

2. Staðsetjið snúruna þannig undir fætinum að hann liggi beint aftur undan fætinum og saumið síðan.
3. Snúran fer sjálfkrafa inn í sauminn um leið og hann er saumaður.



Staðsetning tituprjóna

Setjið tituprjóna ávallt þannig að þeir séu vinstra megin við saumfótinn. Þar með er auðveldara að fjarlægja þá og einnig er komið í veg fyrir að þeir lendi í hnífum vélarinnar og skemmi þá.

Gengið frá tvinnalykkjunni

1. Þræðið tvinnalykkjuna í handsaumanál með grófu auga.
2. Þræðið nálina fyrst inn í endann á overlocksaumnum og togið lykkjuna síðan inn í overlocksauminn til að ganga frá tvinnaendunum.

Umhirða og viðhald

Overlock saumvél þarfnast meiri umhirðu en venjuleg saumavél og það af tveimur ástæðum:


- Mikil ló myndast þegar hnífarnir skera efnisjaðarinn.
- Overlock saumavél gengur yfirleitt hraðar en venjuleg saumavél og þess vegna þarf að smyrja innri hluti hennar oftar.

Hreinsun



Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

Opnið lokið framan á vélinni og hreinsið alla sýnilega ló með burstanum sem fylgir vélinni.



Smurning




Slökkvið á aðalrofanum og takið vélina úr sambandi við rafmagn.

Til að vélin vinni mjúkt og hljóðlega verður að smyrja staðina sem merktir eru með örvum oft og reglulega.

Notið aðeins gæða saumavélaolíu. Notið engar aðrar smurolíur - þær geta skemmt vélina.

Strjúkið síðan af vélinni með mjúkum klút til að fjarlægja umfram olíu.




Skipt um neðri hnífinn



Slökkvið á vélinni og takið hana úr sambandi við rafmagn.

Skipta þarf um fasta neðri hnífinn þegar hann er orðinn bitlaus. Hægt er að skipta um hann á eftirfarandi hátt. Ef þið lendið í einhverjum vandræðum þá hafið samband við umboðsaðilann.

1. Opnið lokið framan á vélinni og setjið hreyfanlega efri hnífinn í hvíldarstöðu.
2. Losið um skrufuna (2) sem heldur neðri hnífnum og fjarlægið neðri hnífinn (3).
3. Setjið nýjan neðri hníf í raufina fyrir hnífinn og látið efri brúnina vera jafna stingplötunni.
4. Herðið skrufuna (2) sem heldur hnífnum.
5. Setjið efri hreyfanlega hnífinn (1) aftur í vinnustöðu.
6. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálarnar eru í neðstu stöðu.
7. Fullvissið ykkur um að fremri brúnin á efri hnífnum komi 1-2 mm niður fyrir brúnina á fasta neðri hnífnum.



Geymsla

Þegar ekki er verið að nota vélina takið hana þá ávallt úr sambandi við rafmagn. Setjið yfirbreiðsluna yfir vélina til að verja hana fyrir ryki. Geymið vélina ávallt þar sem hún verður ekki fyrir beinu sólarljósi og/eða raka.

Þjónusta

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi vélina þá hafið samband við söluaðilann eða PFAFF® hf.

Gangtruflanir og ráð við þeim

Vandamál	Lausn	Bls.
Vélin flytur efnið illa	- Lengið sporlengdina. - Aukið þrýsting á saumfótinn ef um þykk efni er að ræða. - Minnkið þrýsting á saumfótinn ef um þunn efni er að ræða. - Athugið mismunaflutninginn.	16 16 16 15
Nálarnar brotna	- Setjið nálarnar rétt í nálahölduna. - Togið ekki í efnið á meðan vélin saumar. - Herðið á skrófunum sem halda nálunum. - Notið grófari nál fyrir þykk efni.	7 13 7 7
Tvinninn slitnar	- Yfirfarið þræðingarnar. - Athugið hvort tvinnarnir hafa flækst einhvers staðar. - Setjið nálarnar rétt í nálahölduna. - Setjið nýja nál - nálin sem er í vélinni gæti verið bogin eða oddlaus. - Notið aðeins gæðatvinna. - Losið á tvinnaspennunum.	9-12 7 7 27 14
Vélin hleypur yfir	- Setjið nýja nál - nálin sem er í vélinni gæti verið bogin eða oddlaus. - Herðið á skrófunum sem halda nálunum. - Setjið nálarnar rétt í nálahölduna. - Skiptið um tegund og grófleika á nál. - Yfirfarið þræðingarnar. - Aukið þrýstinginn á saumfótinn. - Notið aðeins gæðatvinna.	7 7 7 7 9-12 16 27
Ójöfn spormyndun	- Yfirfarið tvinnaspennurnar og jafnvægi þeirra. - Athugið hvort tvinnarnir séu flæktir eða hafi krækst í eitthvað. - Yfirfarið þræðingarnar.	14 9-12
Efnið rykkist	- Losið um tvinnaspennurnar. - Athugið hvort tvinnarnir séu flæktir eða hafi krækst í eitthvað. - Notið aðeins hágæða og fínan tvinna. - Styttið sporlengdina. - Minnkið þrýsting á saumfótinn fyrir þunn efni.. - Athugið mismunaflutninginn.	14 27 16 16 15
Vélin sker óreglulega	- Yfirfarið stilingu á hnífunum. - Skiptið e.t.v. um annan eða báða hnífana.	21 21
Efnið festist	- Fullvissið ykkur um að hnífarnir séu í vinnustöðu. - Athugið hvort tvinnarnir séu flæktir eða hafi krækst í eitthvað. - Þjappið mjög þykkum efnum saman með því að sauma jaðarinn fyrst í venjulegri saumavél áður en þið saumið hann með overlockvélinni.	
Vélin fer ekki í gang	- Athugið hvort vélin er rétt tengd við rafmagn og að rafmagn sé á vegg-tenglinum.	5




Tafla yfir sauma





Skýringar á táknum fyrir efni





	Ofin - þunn Chiffon, organza, batist, silki o.s.frv.		Teygianleg - þunn charmeuse, nylon, tricot, jersey, o.s.frv.
	Ofin - meðalþykk Baðmull, buxnaefni, ull, satin, o.s.frv.		Teygianleg - meðalþykk tvöfalt þrjón, velúr, sundfa- taefni o.s.frv.
	Ofin - þykk gallabuxnaefni, frotté, segldúkur o.s.frv..		Teygianleg - þykk Þrjón, flís o.s.frv.





Athugið:

Stillingarnar sem sýndar eru hér í töflunni eru aðeins ráð-
leggingar og byggðar á venjulegum aðstæðum. Þið getið
þurft að breyta tvinnaspennunum eftir því hvaða saum,
efni og tvinna þið eruð að nota. Til að ná sem bestum
árangri er ráðlegt að breyta tvinnaspennunum aðeins í
smáum þrepum og ekki meira en um hálft númer í hvert
sinn. Saumið ávallt þrífusaum á efnisafgang áður en þið
byrjið að sauma flíkina sjálfa.

Samsetning		Nálar val	Spor- lengd	Saum- breidd	Mis- muna flytjari	Sauma- tunga	2-þráða saum- breytir	Tvinnaspennur			
Saumur	Efni							B	G	R	Y
2-þráða overlock, breitt  1		Vinstri	3	R(3.5)	1	S	Já	0.0	-	-	5.0
								0.5	-	-	5.0
								1.0	-	-	5.0
								0.0	-	-	5.0
								1.0	-	-	5.0
								1.0	-	-	5.0
					1.5			1.0	-	-	5.0
2-þráða overlock, mjótt  2		Hægri	3	R(3.5)	1	S	Já	-	0.0	-	4.0
								-	0.5	-	5.0
								-	1.0	-	5.0
								-	0.0	-	4.5
								-	0.5	-	4.5
								-	0.5	-	4.5
					1.5			-	1.0	-	5.0
2-þráða overlock, breiður vafningur  3		Vinstri	3	R(3.5)	1	S	Já	2.5	-	-	1.0
								3.5	-	-	1.0
								4.0	-	-	1.0
								2.5	-	-	1.0
								3.5	-	-	1.0
								4.0	-	-	1.0
					1.5			4.0	-	-	1.0

Sametning		Nálar- staða	Spor- lengd	Saum- breidd	Mis- muna- flytjari	Sauma- tunga	2-þráða saum- breytir	Tvinnaspennur			
Saumur	Efni							B	G	R	Y
2-þráða overlock, mjór vafningur  4		Hægri	3	R(3.5)	1	S	Já	-	3.5	-	2.0
								-	4.0	-	2.0
								-	5.0	-	2.0
								-	3.0	-	2.0
								-	4.0	-	2.0
					-			5.0	-	2.0	
	2-þráða rúllaður jaðar  5		Hægri	1	3	1	R	Já	-	3.0	-
		-							3.0	-	2.0
		Ekki ráðlagt									
		Hægri	1	3	1	R	Já	-	3.0	-	2.0
		Ekki ráðlagt									
		Ekki ráðlagt									
2-þráða mjór jaðar  6			Hægri	1	3	1	R	Já	-	1.5	-
		-							1.5	-	4.0
		Ekki ráðlagt									
		Hægri	1	3	1	R	Já	-	2.0	-	4.0
		Ekki ráðlagt									
		Ekki ráðlagt									
	2-þráða flatlock stau- mur  7		Vinstri	3	R(3.5)	1	S	Já	0.0	-	-
		0.5							-	-	5.0
		1.0							-	-	5.0
		0.0							-	-	5.0
		0.5							-	-	5.0
		1.0				-			-	5.0	
						1.5					

Samsetning		Nálar- staða	Spor- lengd	Saum- breidd	Mis- muna flytjari	Sauma- tunga	2-þráða saum- breytir	Tvinnaspennur			
Saumur	Efni							B	G	R	Y
3-þráða overlock, breitt  8		Vinstri	3	R(3.5)	1	S	Nei	2.5	-	3.0	3.0
								3.0	-	3.0	3.0
								3.5	-	3.0	3.0
								2.5	-	3.0	3.0
								3.0	-	3.0	3.0
								3.0	-	3.0	3.0
					1.5			3.0	-	3.0	3.0
3-þráða overlock, mjótt  9		Hægri	3	R(3.5)	1	S	Nei	-	2.5	3.0	3.0
								-	3.0	3.0	3.0
								-	3.5	3.0	3.0
								-	2.5	3.0	3.0
								-	3.0	3.0	3.0
								-	3.0	3.0	3.0
					1.5			-	3.0	3.0	3.0
3-þráða overlock, breiður vafningur  10		Vinstri	3	R(3.5)	1	S	Nei	4.0	-	0.0	8.0
								4.0	-	0.0	8.5
								5.0	-	0.0	8.5
								4.0	-	0.0	8.0
								5.0	-	0.0	8.5
								5.0	-	0.0	8.5
					1.5			5.0	-	0.0	8.5
3-þráða overlock, mjór vafningur  11		Hægri	3	R(3.5)	1	S	Nei	-	3.0	1.0	7.0
								-	3.5	1.0	7.0
								-	4.0	1.0	7.0
								-	3.5	1.0	6.0
								-	3.5	1.0	6.0
								-	3.0	1.0	6.0
					1.5			-	3.0	1.0	6.0

Samsetning		Nálar- staða	Spor- lengd	Saum- breidd	Mis- muna- flytjari	Sauma- tunga	2-þráða saum- breytir	Tvinnaspennur					
Saumur	Efni							B	G	R	Y		
3-þráða rúllaður jaðar  12		Hægri	1	3	1	R	Nei	-	2.0	5.0	7.0		
								-	2.0	5.0	8.0		
		Ekki ráðlagt											
		Hægri	1	3	1	R	Nei	-	3.0	4.0	6.0		
		Ekki ráðlagt											
													
3-þráða mjór jaðar  13		Hægri	1	3	1	R	Nei	-	3.0	5.0	3.0		
								-	3.0	5.0	4.0		
		Ekki ráðlagt											
		Hægri	1	3	1	R	Nei	-	3.0	5.0	3.0		
		Ekki ráðlagt											
													
3-þráða flatlock saumur  14		Vinstri	3	R(3.5)	1	S	Nei	0.5	-	5.0	7.0		
								0.5	-	5.0	7.0		
								0.5	-	5.0	7.0		
					1.5			0.5	-	5.0	7.0		
								0.5	-	5.0	7.0		
								0.5	-	5.0	7.0		
					2.0			0.5	-	5.0	7.0		
4-þráða overlock sau- mur  15		Báðar	3	R(3.5)	1	S	Nei	2.5	2.5	3.0	3.0		
								3.0	3.0	3.0	3.0		
								3.5	3.5	3.0	3.0		
					1.5			2.5	2.5	3.0	3.0		
								3.0	3.0	3.0	3.0		
								3.5	3.5	3.0	3.0		
					2.0			3.5	3.5	3.0	3.0		

Tafla fyrir efni - nálar - tvinna

Efni	Punn efni kjólaefni, krep, georgette, o.fl.	Meðalþykk efni baðmull, buxnaefni, ull, satin o.fl.	Þykk efni gallabuxnaefni, jersey, tweed o.fl.
Nálar	#12/80	#12/80, #14/90	#14/90
Tvinni	Polyester - spunninn finn þráður Snúinn tvinni #60/2 - #80/2 Snúinn tvinni #80/3 - #100/3)	Snúinn tvinni #60/2	T+Snúinn tvinni #50/2 - #60/2

Tæknilegar upplýsingar

Saumhraði	Hámark 1300 spor/mínútu
Sporlengd	1.0-4.0 mm
Hlutfall mismunaflutnings	0.7-2.0
Breidd á overlock saum	Vinstri nál: 5.2-6.7 mm Hægri nál: 3.0-4.5 mm Rúllufaldur: 1.5 mm
Slaglengd á nálstöng	27 mm
Lyfting á saumfæti	4.5 mm
Nálar	Overlock nálar tegund ELx705 grófleikar: #14/90, #12/80
Fjöldi nála	2, 1
Fjöldi saumþráða	2, 3, 4
Tegund peru	Díóðu ljós
Málsetningar á vél Breidd Dýpt Hæð	290 mm 300 mm 276 mm
Þyngd	6.0 kg

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og fylgihlutum hennar án fyrirvara, svo og að gera tækni og útlitsbreytingar á vélinni. Slíkar breytingar munu hins vegar eingöngu verða viðskiptavinum okkar til hagsbóta.

Hugbúnaðareign

PFAFF og HOBBYLOCK eru skrásett vörumerki eða vörumerki í eigu VSM Group AB.

